

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
1.1 Um vinnustofuna	3
2. Samantekt samráðs	5
2.1 Fyrirkomulag samráðsfundar	5
2.2 Samantekt	6
Aðstaða til flokkunar og móttöku- Yfirsýn	6
Áhugi, vitundarvakning og viðhorfsbreyting	6
Efnahagslegir hvatar - Kostnaður - Ábati	7
Forvarnir - Fræðsla - Samstarf	7
Hvert fer úrgangurinn? - Skýra þarf úrgangsferlið	8
Lög og reglugerðir	8
Magn og staðsetning rusls	8
Uppruni ruslsins í hafinu	8


Unnið af ráðgjafarfirmakerfinu Alta, www.alta.is
Ljósmyndir: Alta, Forsíðumynd: Herborg Árnadóttir
A1617-003-U02

1. Inngangur

Í þessari greinargerð er yfirlit yfir og samantekt um niðurstöður vinnustofu sem Umhverfisstofnun hélt þann 3. nóvember 2022 með þeim helstu aðilum sem hafa hlutverki að gegna við úrgangshirðingu í hafi, móttöku á úrganginum og förgun.

Umhverfisstofnun vinnur að því að tryggja að rusl í hafi sem berst upp með veiðarfærum skipa berist að landi og fái þá meðhöndlun sem þarf þegar þangað kemur. Vinnustofan er hluti af norrænu verkefni sem styrkt er af Norrænu ráðherranefndinni og er framhald af verkefni sem lauk árið 2021 með útgáfu skýrslunnar „Þegar hagaðilar safna rusli úr sjónum - Hvernig hægt er að fjarlægja hindranir í norrænum smásamfélögum“¹. Í þeirri skýrslu kemur fram greining á stöðu mála hvað varðar tækifæri og hindranir í norrænum smásamfélögum til söfnunar á úrgangi úr hafi. Samhliða þessari vinnu leitar Umhverfisstofnun leiða til að auka hreinsun sjávar með þátttöku í verkefni sem nefnist „Fishing for litter“, á vegum OSPAR².

Markmið vinnustofunnar var að tryggja að lykil hagaðilar þekki málefnið vel, fái tækifæri til að rýna niðurstöður skýrslunnar og taki þátt í að móta nánar næstu lykilskef til að tryggja að allir sem veiða rusl í hafi sjái sér hag af því að koma með ruslið að landi.



¹ „Når havets aktører opsamler affald i havet - Fjernelse af barrierer i nordiske småsamfund“

<https://www.norden.org/en/publication/nar-havets-aktorer-opsamler-affald-i-havet>

² <https://www.ospar.org/>

1.1 Um vinnustofuna

Það var Halldóra Hreggviðsdóttir, ráðgjafi hjá ráðgjafarfyrtækinu Alta, sem aðstoðaði við að skipuleggja vinnustofuna og stýrði henni í samvinnu við sérfræðinga Umhverfisstofnunar, þær Höllu Einarsdóttur, Katrínu Sóleyju Bjarnadóttur og Sigurrós Friðriksdóttur. Halldóra áréttaði í upphafi mikilvægi þess að hreinsa rusl úr hafinu og finna leiðir til að koma því í réttan farveg. Daglega éti steypireyðar um 44 kg af örplasti, sem sé álíka þungt og 12 ára barn. Hvernig er með fiskinn okkar - hvað innbyrðir hann mikið og hvaða áhrif hefur örplast og rusl almennt á vistkerfi sjávar?



Aðstandendur vinnustofunnar; Halldóra hjá Alta, Sigurrós, Sóley og Halla hjá Umhverfisstofnun

Í fyrri hluta vinnustofunnar voru haldin eftirfarandi erindi sem fjölluðu um stöðu mála, lærdóm og mögulegar leiðir til að ná enn betri árangri:

- [Samantekt úr skýrslunni: Når havets aktører opsamlar affald.](#)
 - **Sigurrós Friðriksdóttir**, sérfræðingur í teymi hafs og vatns hjá Umhverfisstofnun.
- [Ný tilskipun um móttökuáðstöðu fyrir úrgang frá skipum.](#)
 - **Halla Einarsdóttir**, Teymisstjóri í teymi hafs og vatns hjá Umhverfisstofnun.
- [Fishing for litter verkefnið.](#)
 - **Katrín Sóley Bjarnadóttir**, sérfræðingur í teymi hafs og vatns hjá Umhverfisstofnun.
- [Skráningar og rannsóknir á rusli hjá Hafrannsóknastofnun.](#)
 - **Petrún Sigurðardóttir**, líffræðingur hjá Hafrannsóknastofnun.
- [Reglur og skyldur varðandi merkingar og glötuð veiðarfæri.](#)
 - **Jóhann Ásmundsson**, greining eftirlits, hjá Fiskistofu.
- [Reynsla frá Brimi ehf.](#)
 - **Sveinn Margeirsson**, framkvæmdastjóri nýsköpunar og loftslagsmála og **Torfi Þorsteinsson**, framkvæmdastjóri hjá Brimi hf.
- [Reynsla frá Landssambandi smábátæigenda.](#)
 - **Anton Falkvard Antonsson**, útgerðarmaður og skipstjóri á Falkvard ÍS-62.
- [Reynsla frá Grindavíkurhöfn.](#)
 - **Sigurður A Kristmundsson**, hafnarstjóri.
- [Reynsla frá Íslenska Gámafélaginu.](#)
 - **Birgir Ásgeir Kristjánsson**, sviðsstjóri útflutnings- og hráefnasviðs.

Í seinni hluta vinnustofunnar var samráðsfundur með þátttakendum.

Eftirtalin tóku þátt í vinnustofunni:

- Anton Falkvard Antonsson - Landssamband smábátæigenda
- Benjamín Ómar Þorvaldsson - Þorlákshöfn
- Bergur Þór Eggertsson - Nesfiskur ehf
- Birgir Ásgeir Kristjánsson - Íslenska gámafélagið ehf
- Bjarki Hreinsson - Hafnasamlag Norðurlands
- Björn Arnaldsson - Hafnir Snæfellsbæjar
- Elín Ásgeirsdóttir - Íslenska gámafélagið ehf
- Grétar Sigfinnsson - Síldarvinnslan hf
- Grétar Sigurbjörnsson - Sandgerðishöfn
- Halla Einarsdóttir - Umhverfisstofnun
- Halldór Karl Hermannsson - Reykjanesbær
- Halldóra Hreggviðsdóttir - Alta ehf
- Helgi Laxdal - Faxaflóahafnir sf
- Hildur Hauksdóttir - Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
- Hörður Jónsson - Veiðarfæraþjónustan ehf
- Jóhann Ásmundsson - Fiskistofa
- Katrín Sóley Bjarnadóttir - Umhverfisstofnun
- Magnús Stefánsson - Suðurnesjabær
- Örn Pálsson - Landssamband smábátæigenda
- Óskar Gunnarsson - Þorbjörn hf
- Petrún Sigurðardóttir - Hafrannsóknastofnun
- Ragnar Sigurðsson - Fjarðabyggð
- Sigfús Bergmann Önundarson - Landssamband

smábátæigenda

- Sigurður A. Kristmundsson - Grindavíkurhöfn
- Sigurður Þyrill Ingvason - Þorbjörn hf
- Sigurrós Friðriksdóttir - Umhverfisstofnun
- Sveinn Margeirsson - Brim hf
- Torfi Þ. Þorsteinsson - Brim hf
- Víðir Benediktsson - Hafnasamlag Norðurlands
- Þorgeir Pálsson - Strandabyggð



2. Samantekt samráðs

2.1 Fyrirkomulag samráðsfundar

Samráðsfundurinn var haldinn með aðferðarfræði Heimskaffis³.

Viðfangsefnið sem þátttakendur leituðu svara við var:

Markmiðið er að tryggja að allir sem veiða rusl í hafi, sjái sér hag af því að koma með ruslið að landi.

- *Hvaða tækifæri og áhyggjuefni þarf að hafa í huga?*
- *Hver eru næstu lykilskref og verkefni á þeirri vegferð?*

Eftirfarandi lykilorð voru dregin fram til að hafa í huga:

- *Aðstaða*
- *Greining*
- *Skráning*
- *Kostnaður*
- *Þjónusta*
- *Löggjöf*
- *Leiðbeiningar*
- *Vitund*
- *Kynning*
- *Ábati*
- *Samstarf*
- *Sýnileiki*



³ www.theworldcafe.com

2.2 Samantekt

Hér er samantekt úr samtalinu og greining á helstu áskorunum, tækifærum og viðfangsefnum almennt. Röðun þeirra er í stafrófsröð og segir því ekkert til um mikilvægi þeirra að mati þátttakenda.

Aðstaða til flokkunar og móttöku- Yfirsýn

- Nauðsynlegt er að koma upp bættri og samræmdri aðstöðu og samræmdu flokkunarkerfi til móttöku rusls í höfnum ásamt rafrænu miðlægu upplýsingakerfi og gjaldskrá.
- Flokkunarkerfið þarf að taka mið af því rusli sem er að koma í land.
- Spurning um flokkun um borð í skipum. Þar er spurning um skipulag.
- Úrgangi er iðulega blandað saman um borð í skipum, en það væri hægt að vera með mismunandi poka og/eða sekki um borð til að flokka rusl.
- Notendavænar móttökustöðvar þurfa að vera til staðar í höfnum þar sem ruslið er flokkað af þeim sem hafa þekkingu á og það skráð í þar til gerðan miðlægan gagnagrunn.
- Koma þarf upp samræmdri skráningu í sameiginlegum gagnagrunni á landsvísu til að fá yfirsýn yfir magn og tegund rusls sem komið er með að landi.
- Aðgengi að móttökustöðvum þarf aðgangsstýringu.

Áhugi, vitundarvakning og viðhorfsbreyting

- Ábati af því að koma með rusl / úrgang að landi þarf að vera skýr og lyklatríði að horfa á úrganginn sem hráefni.
- Mikill vilji er hjá flestum aðilum á gera vel og mikil vitundarvakning til hins betra. Viðhorf sjómanna er allt annað til þessara mála nú, en var áður. Þó er enn frekari hugarfarsbreytingar þörf, vitundarvakningar í raun, þar sem nauðsynlegt er að fá alla aðila til að ganga í takt.
- Mikilvægt er að huga vel að hvötunum undir áherslum metnaðar, menningar og stolts.
- Ákjósanlegt væri að tryggja sýnileika þess rusls og magns þess, sem komið er með að landi, þannig að þeir sem komi með ruslið fái klapp á bakið.

Efnahagslegir hvatar - Kostnaður - Ábati

- Aðilar þurfa að sjá sér hag af því að koma með rusl að landi og nauðsynlegt að fækka þröskuldum.
- Skapa þarf betri skilyrði og koma upp hvatakerfi fyrir sjómenn til að tryggja að þeir sjái sér hag af því að veiða og koma með rusl að landi.
- Efnahagslegir hvatar og styrkjakerfi þarf að vera til staðar til að úrgangi sé skilað í land. A.m.k. má ekki refska mönnum fyrir að koma með úrganginn að landi.
- Ákjósanlegt er að greitt sé fyrir að koma með sorp að landi.
- Sveitarfélögin bera sum hver kostnaðinn af því að farga ruslinu. Þessu þarf að breyta.
- Kostnaður er eitt helsta áhyggjuefni. Það má ekki lenda á þeim sem skila úrgangi að bera kostnaðinn af skilum og förgun á öðru en þeirra eigin úrgangi.
- Koma þarf upp samræmdri gjaldskrá og tryggja að veitt rusl falli ekki undir gjaldskyldan úrgang.
- Stærsta spurningin og áskorunin er að kveða á um hver á að greiða kostnaðinn við að koma rusli að landi? Skýra þarf hver ber kostnaðinn og hver ávinningurinn er?
- Æskilegt að kostnaður greiðist í gegnum samfélagssjóð.
- Hvati til skipa væri að koma upp greiðslukerfi fyrir hvert afhent tonn og að skráning sé í hendi móttökustöðvar þar sem þekking er til staðar.
- Það mætti koma upp styrkjakerfi t.d. ef tilkynnt væri um rusl í hafi. Þá fengi sá tiltekni aðili styrk.

Forvarnir - Fræðsla - Samstarf

- Eitt næsta lykilskref er að fræða og tryggja að úrgangi sé ekki hent í hafið. Hvorki frá skipum né landi.
- Hvatningar og fræðsla er þörf fyrir alla sem að þessu söfnunarátaki þurfa að koma.
- Það er mikið sem þarf að bæta varðandi rusl í hafinu og hvetja þarf sjómenn til að koma með rusl í land ef það veiðist.
- Útbúa þarf kynningarefni til útgerða og sjómanna sem skýrir af hverju hirða þarf rusl og hver ávinningurinn af því er. Skýra þarf hringrásina.
- Fræða þarf útgerðarmenn og sjómenn um hringrás rusls og afleiðingar þess að rusl safnist í sjónum. Hvatning snúist líka um virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu.
- Ákjósanlegt væri að eiga nánara samráð við lykilaðila s.s. hafnirnar, útgerðina og þá sérstaklega sjómennina sjálfa varðandi leiðir til úrbóta. Heyra þarf í hvaða tilfellum þeir taka ekki rusl með í land. Einnig þarf að fá upplýsingar frá þeim um þörf á fræðsluefni, hvers konar fræðsla og fræðsluefni nýtist þeim best og þröskulda sem þarf að lækka.

Hvert fer úrgangurinn? - Skýra þarf úrgangsfærið

- Mikilvægt er að skýra hvert úrgangurinn fer á endanum og hvort eða hvar hann er nýttur. Nú eru lög á næsta leiti sem banna urðun, hvað þá?
- Er pappaubúðum enn hent?
- Hvað er endurvinnanlegt og hvað ekki? Skýra þarf úrgangsfærið.

Lög og reglugerðir

- Setja þarf samræmdar kröfur í lög og reglugerðir til framfylgdar m.a. fyrir hafnirnar.

Magn og staðsetning rusls

- Rusl er mismikið á veiðislóðum.
- Sennilega skilar sér aðeins lítil hluti rusls í land.
- Staðan er ískyggilega óljós og of lítil þekking á umfanginu. Þess vegna er þessi vinna svo mikilvæg og nauðsynlegt að snúa vörn í sókn eins og verið er að gera með þessari vinnustofu.
- Nauðsynlegt er að útbúa miðlægan gagnagrunn til að fá yfirsýn yfir magn rusls sem skilar sér að landi og hvar það er veitt. Þar væri einnig hægt að tilkynna fundarstað ef skipi er ókleift að koma með rusl sem það finnur að landi.

Uppruni ruslsins í hafinu

- Greina þarf betur hver uppruni ruslsins í hafinu er og koma í veg fyrir að rusl berist yfir höfuð í hafið.





